

Nd.

535. L Ö G

um sparisjóði.

(Afgreidd frá Nd. 25. ágúst)

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið, að taka við fje einstakra manna, geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrirskipað í lögum þessum.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda Stjórnarráði Íslands lög sjóðsins eða reglugjörð til staðfestingar, og má sjóðurinn eigi taka til starfa fyrir en slik staðfesting er fengin.

Í lögum eða reglugjörð sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði um:

- a. trygging sjóðsins: Hvað sje greitt tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga;
- b. hvernig stjórn sjóðsins skuli vera fyrir komið, hvernig hana skuli kjósa og hvernig starfrækslu sjóðsins skuli vera hagað;
- c. um móttöku sparisjóðsfjár og útborgun á því, vaxtagreiðslu af fje því, er sjóðurinn tekur til geymslu, lán úr sjóðnum, ágóða sjóðsins og varasjóð, endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins;
- d. hvernig lögum sjóðsins eða reglugjörð geti orðið breytt svo að löglegt sje.

Ef viðskiftabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæðufje, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnarvaldauglýsingar, með 6 mánaða fresti, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiftabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en tjeður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiftabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiftabókin kann að vera afsöluð, geti húið kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

Sparisjóðir þeir, sem til eru þegar lög þessi öðlast gildi, skulu fyrir árslok 1916 sækja til Stjórnarráðsins um staðfesting á lögum sínum eða reglugjörðum. Að því er til slíkra sparisjóða kemur, er Stjórnarráðinu heimilt, ef þörf þykir, annaðhvort að veita undanþágu um stundarsakir í einstökum greinum frá ákvæðum laga þessara, eða veita hæfilega riflegan frest til að kippa í lag því, sem á það brestur, að fyrirmælum laga þessara sje fullnægt.

3. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er kunna að hafa lagt fram fje til starfrækslu sparisjóða, hvort heldur er stofnfje eða greitt ábyrgðarfje, mega ekki fá hærrí arð eða vexti af slíku fje en 6 af hundræði á ári.

4. gr.

Án sjerstakrar lagaheimildar mega engir aðrir en sparisjóðir reka nein sparisjóðsstörf.

5. gr.

Í öllum viðskiftabókum sparisjóða skal vera prentað ágríp af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum Stjórnarráðsins, svo og einnig lög eða reglugjörð sparisjóðsins.

6. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og heflr umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverir sjeu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn, og hverir þeirra geti undirskrifað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sje fyrir sjóðinn gagnvart viðskiftamönnum hans.

Stjórnendur bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð á því, að ekkert af fje sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fje sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafist er, og sæti þeir auk þess hegning eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

7. gr.

Stjórnendur sparisjóða og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra.

8. gr.

Hverir kosnir eru í stjórn sparisjóðs, skal jafnan tafarlaust tilkynna Stjórnarráðinu.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu jafnan vera að minsta kosti 2 starfsmenn, fjehirðir og bókarí.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann, nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má fjehirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en þá skal hann sòmuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sòmuleiðis getur fjehirðir greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsgr. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

10. gr.

Hafi fjehirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fje því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

11. gr.

Af sparisjóðsinnstæðufje má aldrei greiða neina upphæð, nema því að eins, að viðskiftabókin sje sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í viðskiftabókina.

Innlögum má hins vegar veita móttöku, þótt viðskiftabókin sje eigi sýnd. Skal þá gefin sjerstök kvittun fyrir innlögunum og þess getið í kvittuninni, að hún sje ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiftabók innstæðueiganda; en það skal gert næst þegar viðskiftabókin er sýnd í sparisjóðnum.

12. gr.

Innstæðueigandi hver skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins og skal þar greinilega tilgreind hver sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufjenu.

Sjerstaka bók eða bækur skal jafnan halda yfir öll lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, er sýni hver sje lántakandi, hver trygging sje fyrir láninu, hver upphæð þess sje og hvernig afborgun og vextir sjeu greiddir.

Nákvæma skrá skal einnig halda um allar eigur sparisjóðs, svo sem verðbrjef o. fl., sömuleiðis skrá um alla skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sjerstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Enn fremur skal hver sparisjóður hafa gjörðabók, er í sje skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánssynjanir, lántökur og annað slíkt.

Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala.

13. gr.

Aldrei má veita lán úr sparisjóði, nema því að eins, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar sje því samþykkur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna má því að eins veita til lengri tíma en eins árs, að þau sjeu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sje láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.

Sparisjóðum þeim, er geyma 50000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt annaðhvort að eiga, auk varasjóðs (sbr. 17. gr.), innstandandi í Landsbankanum eða útibúum hans, að minsta kosti 3% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan, eða að hafa í vörslum sínum ríkisskuldaþrjef, bankavaxtaþrjef eða önnur jafntrygg verðbrjef, er auðvelt sje að koma í peninga, fyrir slíkri upphæð. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra

útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

Þegar verðbrjef, er sparisjóður kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá brjefin sem eign sparisjóðs. Verðbrjefaförða sparisjóðs má því að eins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

14. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar mega sparisjóðir ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður lán taka, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóður skuldabryf sín eða verðbrjef til tryggingar sliikum lánnum sem handveð, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sjeu í vörslum sparisjóðs fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðs einnig ljóslega bera með sjer, hvar brjefin sjeu geymd og hver þau sjeu.

15. gr.

Eigi mega sparisjóðir gefa út handhafaávisanir á sjálfa sig.

16. gr.

Ársarð allan af rekstri hvers sparisjóðs, að kostnaði og vöxtum frá-dregnum, samkvæmt 3. gr., skal leggja í varasjóð.

Heimilt er þó að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á greiddu ábyrgðarfje, ef varasjóður nemur meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu.

Tjón, er sparisjóður kann að biða og ársarður sjóðsins hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má annað þaðan greiða, nema því að eins, að varasjóður hans nemi að minsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur Stjórnarráðið samþykkt eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fje úr sjóðnum til nyt-samra fyrirtækja í almenningsþarfir.

17. gr.

Varasjóður sparisjóða skal vera í tryggum og auðseldum verðbrjefum, eða í inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt að koma meiru af vara-sjóði svo fyrir en svo, að 5% nemi af samanlögðu innstæðufje sjóðsins, eins og það var í árslok næstu á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðs neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

18. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera frá nýári til nýárs. Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera saminn fyrir marsmánaðarlok.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd fyrir reikningum sparisjóða.

19. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera 2 endurskoðunarmenn, er rannsaki allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefi gætur að því, svo oft sem þörf er á, að alt sje í lagi og að ekkert vanti í eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sje að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við reglugjörð sparisjóðsins.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

20. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hans hrökkvi eigi fyrir því, og stjórn sparisjóðsins og ábyrgðarmenn eða aðrir þeir, sem að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fje það, sem auðsætt þykir, að dómi endurskoðenda sparisjóðsins, að vanta muni til þess, að sjóðurinn geti staðið í fullum skilum við innstæðueigendur, og setja eigi heldur trygging fyrir því, að slíkt fje skuli vera til taks, þegar á þarf að halda, þá getur Stjórnarráðið til bráðabirgða svift sparisjóðinn rjetti til að halda áfram störfum sínum. Skal slík ráðstöfun þegar gerð kunn í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Skuldheimtumenn sparisjóðsins geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafist, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

Jafnskjótt og stjórn sparisjóðs verður þess vör, að sparisjóður muni eigi fær um að fullnægja skuldbindingum sínum, skal hún tafarlaust tilkynna það Stjórnarráðinu.

21. gr.

Ef sparisjóður legst niður, og eigi eru í lögum sjóðsins eða reglugjörð ákvæði um það, hvernig fara skuli um eigur sjóðsins, þær er afgangs eru skuldum, getur Stjórnarráðið ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn hans, að eigum sjóðsins umfram skuldir skuli varið til einhverra ákveðinna nytsemdarfyrirtækja í hjerði því, er sjóðurinn var stofnaður í.

22. gr.

Heimilt er að geyma fje ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

23. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, meðan það stendur þar.

24. gr.

Sparisjóðir þeir, sem engan arð greiða stofnendum sínum, eða ábyrgðarmönnum, eru undanþegnir tekjuskatti og sömuleiðis útsvari, enda

sje ekki heimilt, samkvæmt lögum eða reglugjörð sparisjóðsins, að verja fje úr varasjóði til annars en að bæta tjón það, er sjóðurinn kann að bíða, eða til nytsemdarfyrirtækja í almenningsþarfir.

25. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rjett til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sjerstökum lögum.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við.

Sektir allar renni í landssjóð.

Með mál um brot á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

27. gr.

Tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi er úr lögum numin.

28. gr.

Lög þessi óðlast gildi 1. janúar 1916.